

Frægasta bókin og hin nýja líffræði.

Engin bók mun á síðari tímum hafa hlotið meiri frægð en »Im Westen nichts Neues«, eftir Remarque, og virtist mér, er ég las bók þessa í summar eð var, sem frægð sú væri fullkomlega verðskulduð. Höfundurinn segir af ótrúlegri snild frá einum af viðbjóðslegustu þáttunum í sögu mannkyns, sem á heima í nágrenni Vítis. Ástæðan til að ég fer að minnast á þessa bók — sem til er af ég held ágæt þýðing eftir Björn Franzson: »Tíðindalaust á vesturvígstöðvunum« — er sú, að sumt sem þar segir, er vel lagað til að skýra ýmislegt í líffræði, sem sérstaklega mikið riður á að vita, en lítið er kunnugt um enn þá. Útgáfan, sem hér er vitnað í, er prentuð 1929, 926.—950. þús. Þar eru, bls. 58, þessi orð: »Mér finst vígsvæðið (die Front) vera eins og geigvænlegur svelgur. Langar leiðir frá svelgsauganu verður sogandans vart, sem dregur til sín, hægt og hægt, en óviðráðanlega . . .«

Þetta er fróðlega athugað. Það, sem höfundurinn er þarna að lýsa, er afslvæðið, sem verður, þar sem hinir fjöldamörgu, samæfðu, samhuga hermenn eru saman komnir. Hvergi á jörðinni eru menn eins samstiltir og í slíkri framfylking. Og slíkt afslvæði hefir einmitt afarmikið aðdráttaráfl, svipað því sem ákveður forlög vor eftir dauðann, og dregur vort litla einstaklings-afslvæði — að nokkru leyti þetta, sem vér köllum önd — þangað sem því skapast nýr líkami.

Á bls. 57—59 er höfundurinn (eða sá, sem Remarque leggur söguna í munn) að lýsa þeim félögunum á

sjálfu drápssvæðinu. Þeir eru að sjá hvorki fólari né
 rjóðari en vanalega, en eru þó orðnir öðruvísi. »Vér
 finnum — segir hann — að í blóði voru er samband
 skapað (dass in unserm Blut ein Kontakt angeknipst
 ist). Þetta er ekki neitt líkingamál. Þetta er svona í
 raun og veru. Framfylkingin er það — die Front —
 meðvitund framfylkingarinnar, sem skapar þetta sam-
 band«. — Á bls. 58 segir höfundur að oft finnist sér,
 eins og geisli einhvers konar rafmagn frá sjálfum víg-
 stöðvunum og veki til starfs óþekta taugabrodda. Er
 þetta óeffað vel athugað, þó að visu sé ekki um neina
 tegund af rafmagni að ræða, og líklega heldur ekki
 neinar óþektar taugar. — Á bls. 59 er því lýst, hvernig
 hermönnunum verður við, er þeir lenda fyrst í dráps-
 hriðinni: »Pegar sprengjurnar fara að þruma, skreppur
 þáttur í eðli voru þúsundir ára aftur í tímann. Það er
 launvit dýrsins, sem vaknar í oss, leiðir oss og verndar.
 Vér vitum ekki af þessu, hér er um það að ræða, sem
 er miklu hraðara, miklu áreiðanlegra og óskeikulla,
 heldur en meðvitundin. Það er ekki unt að skýra þetta.
 Vér göngum og uggum ekki að oss — alt í einu erum
 vér liggjandi í lægð og sprengjuflísarnar þjóta yfir oss
 fram, en vér getum ekki minst þess, að vér höfum heyrт
 sprengjuna koma, eða látið oss hugsast að fleygja oss
 niður. Ef slíku hefði átt að treysta, þá værum vér
 sundurtættir. Það er (ekki umhugsunin heldur) hitt í oss
 — þessi skygnisgáfa — sem hefir fleygt oss niður og
 bjargað oss, án þess að vér vitum, hvernig þetta verður.
 Ef ekki væri þessi skygnisgáfa, þá væri fyrir löngu
 enginn maður uppi standandi, alla leið frá Flandern til
 Vogesafjallanna«.

Það, sem er rangt hjá höf. í þessari stórmerkilegu
 lýsingu, er, að þetta verði ekki skýrt. En rétt er í þessu

sambandi að tala um skygni, hina mjög svo misskildu skygni (Hellsichtigkeit, clairvoyance). Skygnin er ekki nein gáfa, sem á upptök sín í manninum sjálfum; þar er það annað vit en mannsins sjálfs, sem kemur til greina — vit veru, sem miklu þroskaðri er en menn-irnir í því efni, og lengra komin að þekkingu. Skygnin er sambandsgáfa, líkt og hið meira vit, sem vér höfum stundum í svefní. En í framfylkingunni, á vígstöðvunum, verður miklu auðveldara um slíkt samband en annarsstaðar, af því að allir eru þar svo samstiltir, allir með einum huga gagnvart háskanum, auk annars, sem telja mætti, og miðar til að auka samstæðið. Hér sást einu sinni á kvíkmynd ljónaveiði naktra svertingja. Áður en þeir leggja upp í há háskaför, stíga þeir danz saman mjög ákafan, og þar er alls ekki um þýðingarlausa at-höfn að ræða, því að vegna þessara samhreyfinga magnast þeir auðveldlegar frá þeim lífstöðvum, sem þeir eiga samband við, og verða bæði vitugri, hugaðri og sterkari en vanalega. Hjá dýrunum er þetta samband við hinar magnandi lífstöðvar miklu fullkomnara en hjá mönnunum, vegna þess, hve miklu samstiltari þau eru, og heilinn einfaldari. En hið tilsenda vit einbeinist þar, eftir þörf dýrsins. Það er t. d. vegna slíks sambands-geisla, vegna slíkrar þátttöku i æðra viti, sem farfugl-inn suður í Afríku eigi einungis veit, hvar leita skal Íslands, heldur einnig, hvernig hér viðrar. Og á því er hin mesta þörf, að þesskonar samband verði hjá mönn-unum miklu fullkomnara en er, og má nú sjá leið til þess, að það geti orðið. Ein afleiðingin væri sú, að slysum mundi fækka mjög mikið. Námumenn ætla t. d. til vinnu sinnar neðanjarðar, þar sem bíður þeirra hinn hræðilegasti dauðdagi, sakir sprengingar. Fyrir sam-bandíð hafa menn örugt hugboð um hættuna, nauðsyn-

legar ráðstafanir eru framkvæmdar og slysinu afstýrt. Eða skip stefnir á sker; hinum rétu mönnum kemur í hug, að varlegra sé að breyta stefnunni, og þannig er voðinn umflúinn. Mætti svo lengi telja. Engin hætta er á, að menn mundu verða kærulausir, þegar sambandið yrði fullkomnara, og treysta eingöngu á hugboð og handleiðslu. Því að eitt megin-skilyrði fyrir því, að hægt sé að koma fram hugboðinu í þeirri fullkomnu mynd, sem nauðsynlegt er, ef duga skal, er, að nægur áhugi og viðleitni á að afstýra slysum sé hjá sjálfum þeim, sem hjálpa skal.

Víkur nú aftur að sögu Remarque's. Þegar höf. er að lýsa manndrápunum og hryðjuverkunum í vörn og sókn, talar hann um »þessa öldu, sem skolar yfir oss, ber oss uppi, gerir oss að grimdarseggjum, ræningjum, morðingjum, djöflum, mætti segja fyrir mér; þessa öldu, sem margfaldað krafta voru«. Þarna er auðsjáanlega verið að lýsa magnanarstraumi (sambandsstraumi) og ástandi, sem likist berserksgangi. Höfuðið er skotið af manni við hlið sögumanns, og það er vegna þessarar »öldu«, sem áður getur, magnanarinnar, sem fylgir hinu sameiginlega aflsvæði, þegar hinn höfuðlausí maður hleypur enn nokkur spor, með blóðið gjósandi hátt upp úr halsæðunum. Höf. segir, að hermennirnir séu þarna eins og vélar, sem ganga af tilsendum krafti, en ekki af eigin vilja; þeir eru í senn viljalausir og þó hamslausir og æðisgengnir og fullir af drápshug (bls. 117—18). Þarna er um nokkurs konar miðilsástand að ræða, sem likist berserksgangi. Ástandi sínu eftir á lýsir hann síðan mjög í samræmi við það, sem í fornum sögum er sagt um menn, þegar berserksgangurinn fór af þeim (bls. 122).

Frásögn höfundar af því, er hann særist (bls. 237) sýnir enn greinilega, hversu mikla þýðingu samband það,

sem hér ræðir um, hefir fyrir hermennina. Duna heyr-
ist í sprengju, og allir fleygja sér niður. »En á sama
augnabliki« — segir hann — »finn ég, hvernig ég missi
stælingu — spannung — sem lætur mig altaf annars,
þegar skothrið er, óafvitandi gera það, sem rétt er«
(eins og hann hefir áður lýst); hræðileg angist grípur
hann, og á næsta augnabliki finnur hann áverkann eins
og svipuslag. Hvernig stendur nú á því, að stælingin,
sem áður hefir altaf bjargað, launvitið, sem minnir á
dýrið, bregzt honum í þetta skifti? Ástæðan virðist vera
augljós. Rétt áður en hann særist, hefir gengið fram hjá
hersveitinni franskt fólk, sem er að flýja þorpið sitt;
flóttafólk þetta gengur bogið, og sorg og örvaenting
lýsir sér í svipnum. Hér kemur til greina hið stór-
þýðingarmikla stillilögum (Law of determinants). Það
eru áhrifin frá þessu fólkni á þýzku hermennina, sem
trufla samband það, sem áður var getið um, og valda
því, að magnanin bregzt. Miðar annað eins og þetta til
að auka sannleiksblæ þann, sem á sögunni er.

* * *

Hernaðarlýsing Remarque's mun vera með því allra
bezta, sem til er af því tagi. Hún er eins ólík og orðið
getur styrjaldarsögum herforingjanna og herfræðinganna,
þar sem litið er á hermennina nálega sem væru þeir
tilfinningarlaus verkfæri eða skákmann. Sumir virðast
halda, að ef viðbjóði styrjaldanna og hörmungum væri
lyst nógu átakanlega, þá mundi það nægja til að koma
í veg fyrir ófrið. Og margir virðast vera þeirrar skoð-
unar, að með alþjóðasamþyktum mætti koma á alþjóða-
friði. En alt slikt er óhætt að kalla misskilning. Margt
dregur til þess, að þau afslvæði, sem ófriðnum fylgja,
eru sterkari en önnur. Þarf ekki annað en minna á

hina óskaplegu hrifningu, sem greip miljónirnar 1914, yfir hinni »réttlátu« styrjöld, sem hafin væri. Sigurvegararnir hafa jafnan verið taldir þjóðanna beztu menn, og sigrarnir þeirra dýrustu endurminningar. En meðan hugarfarið er á þá leið, mun ófriðarsvelgurinn halda áfram að soga til sín, hægt og hægt að jafnaði, en fast og óviðráðanlega — svo að ég minni á lýsingu Remarque's. En með vissu má segja, að það mannkyn, sem getur ekki vaxið frá styrjöldum og herskap, það er dauðadæmt, það hverfur burt af jörðinni, án þess að hafa náð tilgangi sínum. Og framlíf mikils hluta slíks mannkyns mun verða, fyrst um sinn, þar sem ekki er gott að vera, eða hafa a. m. k. meira eða minna samband við slíka staði. Það er að eins eitt, sem getur bjargað mannkyninu frá slíkum forlögum. Það er að eignast áhugamál, sem menn verða enn þá betur samhuga um, og miða til að skapa enn þá sterkari afslvæði en ófriðarmálin og styrjaldirnar, eithvað, sem miðar til að vekja samhug, eigi einungis hjá einni þjóð eða nokkrum hluta af þjóðum jarðarinnar, heldur hjá öllu mannkyni. Alt mannkyn þarf að læra að setja sér sameiginlegt takmark, og skilja, að því takmarki verður ekki náð, nema með alþjóða-samtökum. Menn verða að vita, að það er til uppsprettta óendanlegs kraftar, og að þar riður oss á að fá betra og betra samband við. Vér verðum að ná hinum skapandi krafti betur hingað út, vér sjálfir eigum að læra að taka þátt í sköpunarverkinu, læra að gera náttúruna fullkomnari, en forðast að spilla henni. Að vísu er það glögt, að öll saga mannkynsins er tilraun einmitt til þess að taka þátt í sköpunarverkinu. En það hefir vantað nokkuð af þekkingu, sem nú fyrst er að byrja. Menn hafa ekki vitað, að möguleikar lífsins eru óendanlegir, að fullkomnu sam-

bandi má ná við hina óendanlegu uppsprettu kraftarins. Það, sem þá verður, er það sem ég hefi nefnt Hyperzón — það líf, sem hefir náð fullkomnu samstæði og þó fullkomnu sjálfstæði. Þar verða, vegna hins fullkomna samstæðis, allir kraftar tilverunnar á valdi hvers einstaklings. Framþróun lífsins á að vera í því fólgin, að stefna æ betur og betur að þessu takmarki. Það, sem miðar í áttina til hinnar ædri lífheildar, er gott og eftirsóknarvert, en ilt það, sem spillir fyrir að hún geti orðið.

Fyrir mannkyni vorrar jarðar liggar nú að komast bráðlega á hina réttu leið. Mundi skemst vera eftir sögu þess, ef það gæti ekki orðið. En mjög áriðandi spor í rétta átt er að skilja, að sambandskraftar lífsins eru svo miklir, að þeir brúa jafnvel geimdjúpin milli himinhnattanna, og öðlast þá jafnframt glöggan skilning á því, hvernig öll trú er til orðin fyrir slíkt samband, trúin á guði og djöfla, á himnaríki og helviti, og hvernig styrjaldir miða mjög til að auka samband við hina verstu staði og magnan frá hinum verstu verum, slíka, sem er svo aðdáanlega lýst í hinni frægu bók Remarque's.

12. nóv.

Helgi Pjeturss.
